Erindisbréf

Vinnuhópur um útfærslu uppbyggingar á landssvæði austan Selfoss

Markmið: Vinnuhópurinn skal móta tillögur að samkomulagi milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um uppbyggingu á um 100 ha landsvæði austan við Selfoss. Svæðið er í eigu Sveitarfélagsins Árborgar en er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps og heyrir því undir skipulags- og stjórnsýsluvald Flóahrepps.

Meginmarkmið vinnuhópsins er að leggja fram drög að samkomulagi milli sveitarfélaganna um skipulag, uppbyggingu og rekstur svæðisins. Sameiginlegur vilji sveitarfélaganna er að stuðla að farsælli uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs á svæðinu, fjölga atvinnutækifærum og skapa verðmæti fyrir bæði samfélög.

Verkefni: Hópurinn skal taka saman eða láta útbúa þau gögn sem nauðsynleg eru til að móta rökstuddar tillögur um útfærslu uppbyggingar og framtíðarrekstur svæðisins. Hópurinn skal skila sveitarfélögunum drögum að samkomulagi í desember 2026.

Hópurinn skal vinna samkomulagið út frá þeim grunnforsendum að núverandi sveitarfélagamörk haldist óbreytt og að Sveitarfélagið Árborg, sem landeigandi, geti tekið að sér úthlutun lóða, framkvæmdir og þjónustu á svæðinu. Í samkomulaginu skal kveða skýrt á um hlutverk og verkaskiptingu aðila, ábyrgð þeirra, kostnaðarskiptingu, skiptingu tekna og stjórnsýslulegar heimildir.

Hópnum er heimilt að leita til starfsmanna sveitarfélaganna og ráðgjafa eftir upplýsingum og sérfræðiaðstoð, þar á meðal við úrvinnslu gagna sem nauðsynleg eru fyrir störf hópsins.

Vinnuhópinn skipa þrír fulltrúar frá hvoru sveitarfélagi. Starfsmenn sveitarfélaganna skulu vera hópnum innan handar eftir þörfum. Vinnuhópurinn fundar eftir því sem verkefnið krefst.

Hópurinn velur sér formann og ritara. Halda skal fundargerðir um fundi hópsins og skulu endanleg drög að samkomulagi lögð fyrir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og sveitarstjórn Flóahrepps til afgreiðslu.

Þóknun: Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir setu eða fundi í vinnuhópnum.

Samþykkt í bæjarstjórn Árborgar _____ 2026
Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps _____ 2026

DRÖG